

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta**  
07 755

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta**

**kt. 480109-1390**

**Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 160/2008.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Markmiðið starfseminnar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku. Í því skyni sinnir Miðstöðin ráðgjöf, hæfingu og endurhæfingu, auk þess að afla og miðla þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 498,9 milljónir og afkoma kr. 42,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 33,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 111,7 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Elfa Svanhildur Hermannsdóttir  
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	442.000.000	377.900.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	39.092.843	9.165.884
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	17.834.753	17.907.622
<b>Tekjur samtals</b>		<b>498.927.596</b>	<b>404.973.506</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	296.761.317	268.110.692
Framlög og tilfærslur .....		77.006.013	73.906.307
Annar rekstrarkostnaður .....	5	65.140.888	67.311.877
Afskriftir .....	6	17.834.753	17.907.622
<b>Gjöld samtals</b>		<b>456.742.971</b>	<b>427.236.498</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>42.184.625</b>	<b>(22.262.992)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	34
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(24.319)	(25.313)
		(24.319)	(25.279)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>42.160.306</b>	<b>(22.288.271)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	29.066.319	(23.481.964)
Rekstrartilfærslur .....		13.093.987	1.193.693
		<b>42.160.306</b>	<b>(22.288.271)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		69.774.657	73.342.039
Aðrar eignir .....		9.352.661	14.385.048
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>79.127.318</u>	<u>87.727.087</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	32.540.803	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	74.165
Handbært fé .....		10.347	1.065
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>32.551.150</u>	<u>75.230</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>111.678.468</u>	<u>87.802.317</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		33.057.237	(9.103.069)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>33.057.237</u>	<u>(9.103.069)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	146.220	11.522.415
Viðskiptaskuldir .....		5.204.673	6.412.878
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	36.841.636	31.666.638
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	36.428.702	47.303.455
<b>Skuldir samtals</b>		<u>78.621.231</u>	<u>96.905.386</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>111.678.468</u>	<u>87.802.317</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		42.160.306	(22.288.271)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	17.834.753	17.907.622
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(17.834.753)	(17.907.622)
		<u>42.160.306</u>	<u>(22.288.271)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		74.165	87.623
Tengdir aðilar .....		(46.191.982)	17.090.869
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		3.966.793	5.110.103
		<u>(42.151.024)</u>	<u>22.288.595</u>
		<u>9.282</u>	<u>324</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(9.234.984)	(17.925.269)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		0	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		160.000	0
		<u>(9.074.984)</u>	<u>(17.925.269)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		2.274.984	6.325.269
Fjárfestingarframlag .....		6.800.000	6.600.000
Gjafaframlög til fjárfestinga .....		0	5.000.000
		<u>9.074.984</u>	<u>17.925.269</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		9.282	324
		<u>1.065</u>	<u>741</u>
		<u>10.347</u>	<u>1.065</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	442.000.000	377.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	17.834.753	17.907.622
	<u>459.834.753</u>	<u>395.807.622</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	319.800.000	90.100.000	0	409.900.000
Launabætur .....	2.100.000	0	0	2.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	30.000.000	0	0	30.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>351.900.000</b>	<b>90.100.000</b>	<b>0</b>	<b>442.000.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(322.833.681)	(77.006.013)	0	(399.839.694)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>29.066.319</b>	<b>13.093.987</b>	<b>0</b>	<b>42.160.306</b>

	2022	2021
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	255.582	940.591
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	25.000.000	1.682.725
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	13.544.430	6.542.568
Ýmsar tekjur .....	292.831	0
	<u>39.092.843</u>	<u>9.165.884</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	236.486.843	214.134.914
Orlof, breyting .....	4.944.579	4.459.499
Launatengd gjöld .....	53.703.193	48.105.742
Starfsmannakostnaður .....	1.626.702	1.410.537
	<u>296.761.317</u>	<u>268.110.692</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	25,0	23,2

### 5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	371.288	566.183
Byggingarvörur, almennar .....	0	3.108
Byggingarvörur, aðrar .....	5.602	0
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	46.644
Ýmis tæki og áhöld .....	687.187	1.845.986
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	6.520	2.896
Orkugjafir .....	1.157.461	1.109.943
Matvæli .....	3.105.165	3.063.582
Almennar rekstrarvörur .....	614.954	383.952
Vörukaup, almenn	<u>5.948.177</u>	<u>7.022.294</u>
Rannsóknarstofufæni .....	19.077	0
Ýmsar sérgreindar vörur .....	81.634	72.193
Vörukaup, sérgreind	<u>100.711</u>	<u>72.193</u>

## Skýringar

	2022	2021		
<b>5 Annar rekstrarkostnaður, framhald</b>				
Fundir, námskeið, risna .....	4.056.328	693.007		
Ferðir, uppihald .....	4.427.764	1.809.004		
Akstur .....	914.677	683.582		
Sérfræðiþjónusta .....	17.661.790	22.096.911		
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	182.967	133.729		
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	156.818	116.810		
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	5.106.496	3.345.042		
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	32.506.840	28.878.085		
Samningsbundin kaup og leiga .....	699.895	1.070.230		
Afnotagjöld .....	5.712.478	8.978.558		
Leigugjöld .....	16.119.903	14.972.364		
Verkkaup .....	2.988.912	3.654.768		
Tryggingar, lögboðnar .....	977.103	2.616.242		
Opinber gjöld .....	86.869	37.684		
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	26.585.160	31.329.846		
Vörukaup .....	0	9.459		
Vörur til endursölu og birgðabreyting	0	9.459		
Annar rekstrarkostnaður samtals	65.140.888	67.311.877		
<b>6 Afskriftir</b>				
Áhöld, tæki og búnaður .....	12.802.366	11.421.895		
Farartæki og vélar .....	0	108.068		
Aðrar eignir .....	5.022.898	6.377.659		
Sölutap og úreltar eignir .....	9.489	0		
	17.834.753	17.907.622		
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
Áhöld, tæki og búnaður .....	69.774.657	73.342.039		
Aðrar eignir .....	9.352.661	14.385.048		
	79.127.318	87.727.087		
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:				
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Farartæki og vélar</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 01.01.2022 .....	127.061.365	1.440.836	81.659.826	210.162.027
Viðbætur á árinu .....	9.234.984	0	0	9.234.984
Selt/úrelt á árinu .....	(91.973)	(1.440.836)	(4.660.071)	(6.192.880)
	136.204.376	0	76.999.755	213.204.131
Afskriftir 01.01.2022 .....	53.719.326	1.440.836	67.274.778	122.434.940
Afskrift ársins .....	12.802.366	0	5.022.898	17.825.264
Selt/úrelt á árinu .....	(91.973)	(1.440.836)	(4.650.582)	(6.183.391)
	66.429.719	0	67.647.094	134.076.813
Staða 31.12.2022 .....	69.774.657	0	9.352.661	79.127.318

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	11.769.537	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	20.771.266	0
	<u>32.540.803</u>	<u>0</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	10.330.735
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	146.220	1.191.680
	<u>146.220</u>	<u>11.522.415</u>

### 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

31.12.2022 31.12.2021

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(9.103.069)	13.185.202
Afkoma ársins .....	42.160.306	(22.288.271)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>33.057.237</u>	<u>(9.103.069)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 10 Ýmsar skammtímaskuldir

31.12.2022 31.12.2021

Ógreitt orlof .....	36.024.715	31.080.136
Önnur ógreidd gjöld .....	816.921	586.502
	<u>36.841.636</u>	<u>31.666.638</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	79.127.318	87.727.087
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(42.698.616)	(40.423.632)
	<u>36.428.702</u>	<u>47.303.455</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	87.727.087	(40.423.632)	47.303.455
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	6.800.000	6.800.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	160.000	160.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	9.234.984	(9.234.984)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(17.834.753)</u>	<u>0</u>	<u>(17.834.753)</u>
	<u>79.127.318</u>	<u>(42.698.616)</u>	<u>36.428.702</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 16,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## Skýringar

### 12 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði og almenna samninga vegna daglegrar starfsemi. Árleg greiðsla vegna húsaleigu nemur kr. 18,3 milljónum og vegna almennra samninga kr. 14,0 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.